



Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Umsögn um tillögu um tengingu sérstaks húsnæðisstuðnings við við vísitölu leiguverðs.*

Þann 12. desember 2018 lagði fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands fram í velferðarráði svohljóðandi tillögu um að tengja sérstakan húsnæðisstuðning við vísitölu leiguverðs:

Samkvæmt tölum Þjóðskrár Íslands sem voru birtar 21. nóvember 2018, hækkaði vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu um 1,4% frá fyrri mánuði. Leiguverð hefur tekið miklum hækkunum að undanfögnu og síðastliðna þrjú mánuði hækkaði umrædd vísitala um 3,6% og síðastliðna 12 mánuði hækkaði hún um 9,6%. Því er lagt til að upphæð sérstaks húsnæðisstuðnings uppfærast mánaðarlega í samræmi við vísitölu leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt Þjóðskrá.

Afgreiðslu tillögunnar var frestað.

Umsögn:


Sérstakur húsnæðisstuðningur er úrræði sem er útfært á grunni húsnæðisbóta. Fjárhæðir húsnæðisbóta eru ákvarðaðar í reglugerð sem gefin er út af félagsmálaráðherra.

Greiðslur húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðningsins taka mið af áætluðum tekjum og er þeim jafnað yfir hvern ársfjórðung og frávik lagfærð þegar skattframtöl liggja fyrir.

Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu er gefin út af Þjóðskrár Íslands og sýnir breytingar á vagnu meðaltali fermetraverðs.

Íbúðarhúsnæði er skipt í flokka eftir herbergjafjölda og staðsetningu. Reiknað er meðalfermetraverð fyrir 6 flokka íbúðarhúsnæðis. Niðurstaðan er vegin með hlutdeild viðkomandi flokks í heildarverðmæti á markaði miðað við undangengna 12 mánuði.

Mynd 1: Vísitala leiguverðs janúar 2019 – desember 2020



Vísitala leiguverðs hefur tekið nokkrum breytingum síðustu tvö ár. Frá janúar 2019 til desember 2019 hækkar hún um 4,28%, frá janúar 2020 til desember 2020 lækkar hún um 1,27% og frá janúar 2019 til desember 2020 hækkar hún um 4,23%

Mynd 2: Fjárhagsleg áhrif vísitölutengingar

	Rauntölur	Vísitölu- breyting á ári	Breyting í krónum	Vísitölubreyting
Sérstakur húsnæðisstuðningur 2019	386.528.809	4,28%	6.346.532	jan 19 - des 19
Sérstakur húsnæðisstuðningur 2020	497.715.477	-1,27%	- 9.027.836	jan 20 - des 20
Sérstakur húsnæðisstuðningur 2019 og 2020	884.244.286	4,23%	22.929.925	jan 19 - des 20

Myndin að ofan sýnir þrjár útfærslur

1. Sérstakur húsnæðisstuðningur 2019; grunnvísitala miðast við janúar 2019. Hækkun hefði numið 6,3 m.kr.
2. Sérstakur húsnæðisstuðningur 2020; grunnvísitala miðast við janúar 2020. Lækkun hefði numið 9 m.kr.
3. Sérstakur húsnæðisstuðningur 2019 og 2020; grunnvísitala miðast við janúar 2019. Hækkun hefði numið 22,9 m.kr. á tveggja ára tímabili.

Borgarráð samþykkti þann 11. febrúar síðastliðinn að hækka tekjuviðmið fyrir sérstakan húsnæðisstuðning umfram leiðbeinandi reglur félagsmálaráðuneytisins. Hækkunin er til jafns við hækkun ríkisins á frítekjumarki vegna almennra húsnæðisbóta til að ekki komi til skerðinga hjá þeim sem jafnframt eiga rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi. Heildarhækkun tekjumarka verður 11,9% eftir breytingu eða 8% umfram upphaflegar leiðbeiningar félagsmálaráðuneytisins.